

Nd.

764. Frumvarp til laga

[95. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

Samhljóða þskj. 349 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

34. gr. orðist þannig:

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 25 af hundraði, og skal því fé ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis að fengnum tillögum vegamálastjóra til að flýta gerð vega og gatna með bundnu slitlagi, þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Heimilt er að láta þetta ákvæði einnig ná til þéttbýlis með færri en 200 íbúa.

15. gr. hljóðar svo:

60. gr. orðist svo:

Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeigenda og umboðsmanns þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekkí samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

16. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella meginmál þeirra inn í vegalög nr. 80, 10. júlí 1973, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða:

Á árinu 1975 skulu dagsetningar í 2. mgr. 21. gr. breytast þannig, að í stað 15. febrúar komi 25. maí og í stað 1. mars komi 1. júní.